

## AUGLÝSING

### um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Heimilisiðnaðarsafnsins.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 21. nóvember 2013 stofnskrá Heimilisiðnaðarsafnsins.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Reykjavík, 25. júní 2015.*

F.h. safnaráðs,

**Ágústa Kristófersdóttir** framkvæmdastjóri.

### Fylgiskjal.

#### STOFNSKRÁ Heimilisiðnaðarsafnsins á Blönduósi.

##### 1. gr.

Heiti stofnunarinnar er Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi, kt. 580791-2129, með aðsetur að Árbraut 29, Blönduósi. Heimilisiðnaðarsafnið er sjálfseignarstofnun með heimili og varnarþing á Blönduósi. Stofnunin hóf starfsemi sína 1. júní 1993.

##### 2. gr.

Heimilisiðnaðarsafnið starfar í samræmi við safnalög nr. 141/2011, lög um menningarminjar nr. 80/2012 og siðareglur Alþjóðaráðs safna, ICOM (International Council of Museums) eftir heildarstefnu sem endurskoðuð er á a.m.k. fjögurra ára fresti.

##### 3. gr.

Aðilar að stofnuninni eru Blönduósbær, kt. 470169-1769, Húnavatnshreppur, kt. 420106-1300, Skagabyggð, kt. 540602-2630, Sveitarfélagið Skagaströnd, kt. 650169-6039 og Samband austur-húnavetnskra kvenna, kt. 510578-0909.

##### 4. gr.

Eignir stofnunarinnar eru:

- 1) Fasteign, innbú og lóðarréttindi að Árbraut 29, Blönduósi.
- 2) Safnkostur sá sem Heimilisiðnaðarsafn Sambands austur-húnavetnskra kvenna lagði til 1. júní 1993.
- 3) Safnmunir og aðrar eignir sem stofnuninni áskotnast.

##### 5. gr.

Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi nýtur árlegs framlags þeirra sveitarfélaga sem að því standa, tekna sem aflað er með aðgangseyri eða á annan hátt. Auk þess skal forstöðumaður sækja árlega um framlag úr Safnasjóði.

Arður af rekstri Heimilisiðnaðarsafnsins er eign þess.

##### 6. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að reka Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi. Hlutverk þess er söfnun, varðveisla og skráning hverskonar heimilisiðnaðar á landsvísu. Safnið skal vera kennslu-, fræðslu- og rannsóknarstofnun fyrir innlenda og erlenda nemendur og fræðafólk. Þá skal safnið standa fyrir málþingum, námskeiðum og fyrirlestrum auk sérstakra nemendasýninga á handbragði fyrri tíma.

Nánar skal kveða á um rekstur og hlutverk Heimilisiðnaðarsafnsins í söfnunarstefnu, starfsstefnu og sýningarstefnu.

Halldórustofa er sérstök deild innan Heimilisiðnaðarsafnsins. Hún er helguð lífi og starfi Halldóru Bjarnadóttur 1873-1981.

#### 7. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð tveimur fulltrúum frá Sambandi austur-húnavetskra kvenna og þremur fulltrúum kosnum sameiginlega af öðrum stofnaðilum. Stjórnin skal kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar til fjögurra ára í senn og skal skipta með sér verkum á fyrsta fundi. Stjórnarfundir skulu haldnir svo oft sem þurfa þykir og ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála. Formaður stjórnar annast fjárreiður stofnunarinnar. Samband austur-húnavetskra kvenna annars vegar og sveitarfélögin sameiginlega hins vegar tilnefna sinn hvorn skoðunarmann reikninga til fjögurra ára í senn.

Stjórnin skal boða til ársfundar þar sem tveimur fulltrúum frá hverjum stofnaðila er boðin seta auk stjórnarmanna og varamanna þeirra. Þar skulu lagðir fram samþykktir reikningar og ársskýrsla. Jafnframt skal kynna rekstraráætlun yfirstandandi árs og starfsemi Heimilisiðnaðarsafnsins.

#### 8. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal annast rekstur Heimilisiðnaðarsafnsins og tryggja því viðeigandi húsnæði og fjármuni sem fullnægja þörfum þess. Stjórn skal jafnframt standa vörð um stefnumótun og sjálfstæði safnsins, tryggja að safnið starfi að lögum og að safnstjóri uppfylli skyldur sínar og ábyrgð gagnvart safninu.

#### 9. gr.

Stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins skal ráða safnstjóra sem annast daglegan rekstur safnsins, skrásetningu og forvörslu. Safnstjóri starfar í umboði stjórnar og ber ábyrgð á rekstri safnsins gagnvart stjórn.

Safnstjóri skal hafa umsjón með uppsetningu sýninga og undirbúningi þeirra viðburða sem tengjast rekstri safnsins. Safnstjóri annast ráðningu annars starfsfólks.

#### 10. gr.

Breytingar á stofnskrá þessari skulu samþykktar af stjórn stofnunarinnar.

Verði sjálfseignarstofnunin leyst upp eða ákveðið að hætta rekstri Heimilisiðnaðarsafnsins skulu þeir aðilar sem að stofnuninni standa, kjósa einn fulltrúa hver í slitanefnd, sem tekur ákvörðun um hvernig eigum hennar skuli ráðstafað. Safnkostur skal renna óskiptur til Þjóðminjasafns Íslands eða til sambærilegrar stofnunar. Öðrum eignum en safnkosti skal ráðstafað í samráði við ráðuneyti mennta- og menningarmála.

#### 11. gr.

Stofnskrá þessi er gerð í samræmi við 10. gr. safnalaga nr. 141/2011 og skal staðfest af Safnaráði.